

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um skák

Frá mennta- og barnamálaráðherra.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um stuðning ríkisins við skák og skákhreyfinguna á Íslandi.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að styðja við starfsemi í skák hér á landi, styrkja efnilegt skákfólk sem stefnir að alþjóðlegum árangri, efla starfsemi á sviði afreksmála og árangur keppnisfólks sem hyggur á hámarksárangur á alþjóðavísu í skák.

3. gr.

Framlög vegna skákmála.

Framlög ríkisins vegna skákmála eru ákveðin í fjárlögum ár hvert. Þeim skal varið í afrekssjóð í skák, sbr. II. kafla, og í stuðning sem ráðstafað er á grundvelli samnings eða samninga til skákhreyfingarinnar þ.m.t. til að annast skákþjálfun og fræðslu sem miðar að því að efla skákiðkun hér á landi.

II. KAFLI

Afrekssjóður í skák.

4. gr.

Starfræksla og stjórn.

Ráðherra ber ábyrgð á starfrækslu afrekssjóðs í skák og úthlutar styrkjum úr sjóðnum.

Ráðherra skipar þrjá fulltrúa í stjórn afrekssjóðs í skák til þriggja ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningum skákhreyfingarinnar og einn án tilnefningar. Varafulltrúar skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalfulltrúa en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ekki er heimilt að skipa sama einstakling aðalfulltrúa í stjórn lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Við skipan í stjórn afrekssjóðs í skák skal gætt að því að hlutfall kynja sé sem jafnast.

Hlutverk stjórnar er m.a. að:

- Gera tillögu til ráðherra um stefnu og áherslur við úthlutun styrkja úr sjóðnum til þriggja ára í senn.
- Gera tillögu til ráðherra um styrkveitingar úr sjóðnum, sbr. 5. gr.

- c) Fylgjast með því að skákfólk sem fær úthlutað úr sjóðnum fari eftir skilmálum úthlutunar og gera ráðherra viðvart ef svo er ekki.

5. gr.

Styrkveitingar.

Styrkir úr afrekssjóði í skák skulu veittir afreksskákfólki og efnilegu skákfólki sem stefnir að alþjóðlegum árangri. Styrkir skulu veittir til skilgreindra verkefna og taka mið af væntum árangri umsækjanda það árið. Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári og skulu veittir í sex til tólf mánuði í senn. Í undantekningartilfellum er heimilt að veita styrki í styttri eða lengri tíma en þó aldrei lengur en tvö ár.

Mennta- og barnamálaráðherra auglýsir ár hvert eftir umsóknum um styrki úr afrekssjóði í skák. Auglýsingin skal vera í samræmi við þriggja ára stefnu og áherslur við úthlutun styrkja úr sjóðnum. Þar skulu koma fram helstu skilyrði úthlutunar ásamt viðmiðunarfjárhæðum.

Stjórn afrekssjóðs í skák tekur umsóknir um styrki til meðferðar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Ráðherra ákveður afgreiðslu umsókna og tilkynnir hana umsækjendum. Ráðherra getur falið stjórn afrekssjóðsins að gera samkomulag við hvern umsækjanda þar sem fram koma skilyrði fyrir styrkveitingu. Heimilt er að binda styrkveitingar úr sjóðnum skilyrðum.

Þeir sem fá styrki úr afrekssjóði í skák skulu gera stjórn sjóðsins grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari skilmálum úthlutunar. Verði misbrestur á, eða séu önnur skilyrði fyrir styrkveitingu ekki uppfyllt, er heimilt að stöðva greiðslur úr sjóðnum.

6. gr.

Málsmeðferð.

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru endanlegar á stjórnarsýslustigi. Réttur til rökstuðnings samkvæmt stjórnarsýslulögum gildir ekki um ákvarðanir um veitingu styrkja úr afrekssjóði í skák.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Mennta- og barnamálaráðherra setur reglugerð um afrekssjóð í skák, þar sem m.a. er kveðið á um vörslu sjóðsins, stjórn, skipulag hans og reglur um úthlutun.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2025. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þó þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um launasjóð stórmeistara í skák nr. 58/1990 og lög um Skáksskóla Íslands nr. 76/1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Störf stórmeistara í skák eru lögð niður frá 31. janúar 2025. Um réttindi og skyldur starfsmanna, þ.m.t. um biðlaunarétt, fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Stórmeistari í skák, sem starfi gegndi og fékk laun á grundvelli laga nr. 58/1990, nýtur forgangs til styrkja úr afrekssjóði í skák sem veittir verða árið 2025.

Ráðherra er heimilt að skipa stjórn afrekssjóðs í skák og gera aðrar ráðstafanir svo fyrsta úthlutun styrkja úr afrekssjóði í skák í skák geti farið fram 1. febrúar 2025.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með frumvarpinu, sem samið er í mennta- og barnamálaráðuneytinu, er lagt til að sett verði ný heildarlög um skák í stað laga um launasjóð stórmeistara í skák, nr. 58/1990, og laga um Skákskóla Íslands, nr. 76/1990, tóku gildi árið 1991.

Stuðningur ríkisins við skákhreyfinguna á sér langa sögu. Frá árinu 1957 hafa stórmeistarar í skák notið launa úr ríkissjóði og voru fyrst á launaskrá hjá menntamálaráðuneytinu með ráðherraúrskurði. Gildistaka laga um stórmeistara í skák og Skákskóla Íslands árið 1991 fól í sér mikla réttarbót en þar var meðal annars fjallað um réttindi og skyldur stórmeistara, vinnuframlag og launagreiðslur.

Frá árinu 1991 hafa orðið frekari breytingar á samfélaginu og löggjöf og orðið brýnt að taka löggjöf um skák til endurskoðunar að nýju. Frumvarpinu, sem er afurð þessarar endurskoðunar, er ætlað að styðja betur við það markmið að þeir sem skara fram úr í skák hafi tækifæri til þess að helga sig skáklistinni, standi hugur þeirra til þess, og nái árangri á alþjóðavísu. Jafnframt er markmiðið að styðja efnilegt fólk til þess að ná alþjóðlegum skákáföngum og að efla Skáksamband Íslands og grasrótastarfsemi aðildarfélaga Skáksambandsins.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Eins og áður segir er í gildandi lagasafni fjallað um skák í tveimur lagabálkum, lögum um launasjóð stórmeistara í skák og lögum um Skákskóla Íslands. Þetta fyrirkomulag er óvenjulegt ef borið er saman við löggjöf á sviði íþróttá- og æskulýðsmála, þar sem tveir yfirgripsmiklir lagabálkar, íþróttalög nr. 64/1998 og æskulýðslög nr. 70/1990, eru regnhlíf yfir starfsemi sem þar heyrir undir. Þá eru ákveðnir þættir í lögum nr. 58/1990 og nr. 76/1990 sem falla ekki nægilega vel að nútíma stjórnsýsluuppbyggingu. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt 5. gr. laga um launasjóð stórmeistara í skák eru stórmeistarar opinberir starfsmenn en reglur um launasjóðinn falla að öðru leyti ekki vel þeim reglum sem nú gilda um opinbera starfsmenn. Þá má benda á að í lögum um Skákskóla Íslands kemur fram að skólinn sé rekinn af Skáksambandi Íslands í samvinnu við ráðuneytið en óvenjulegt er að ítarleg sjálfstæð löggjöf fjalli um skóla sem rekinn er af frjálsum félagasamtökum.

Stórmeistarar sem njóta nú launa úr launasjóði stórmeistara eru sjö. Af skýrslum sem liggja fyrir frá stjórn launasjóðsins og samskiptum ráðuneytisins við stórmeistara má ráða að í gegnum tíðina hefur verið misjafnt hvernig stórmeistarar rækja skyldur sínar. Einnig er talsvert af efnilegu skákfólki sem hefur takmarkaða möguleika til þess að efla sig þar sem þau uppfylla ekki skilyrði til að fá úthlutað úr sjóðnum. Mikilvægt er að gera breytingar á þessu svo stuðningur ríkisins við skák sé í reynd til þess fallinn að hvetja skákfólk til að ná árangri. Þá er brýnt að taka á álitamálum sem lengi hafa verið til umræðu varðandi stöðu stórmeistara í skák sem opinberir starfsmenn.

Í frumvarpinu er því lagt til að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag um styrki til stórmeistara í skák þar sem horft verði til einstakra verkefna og framgangs þeirra frekar en að stórmeistarar séu í ráðningarsambandi við ríkið. Þá verði horft til þess möguleika að styrkja efnilegt

skákfolk, sem stefnir að alþjóðlegum árangri, en hingað til hafa eingöngu þeir sem hlotið hafa nafnbótina stórmeistari fengið greiðslur úr ríkissjóði. Jafnframt verði rekstur Skákskóla Íslands og önnur fræðslumál í skák færð alfarið til framkvæmdar hjá Skáksambandi Íslands og grasrótarsamtaka í skák. Um er að ræða verulegar breytingar frá gildandi lögum og því talið rétt að sett verði ný heildarlög um skák. Í ljósi þess hversu fáir einstaklingar njóta nú launa úr launasjóði stórmeistara þykir ekki annað rétt en að framangreindar breytingar verði gerðar í einu lagi enda fæst ekki séð að það sé framkvæmanlegt að vera með tvenns konar fyrirkomulag styrkveitinga eða launagreiðslna í skák í gangi á sama tíma.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að gildissvið löggjafar um skák verði afmarkað við stuðning ríkisins við skák og skákhreyfinguna á Íslandi. Þá er lagt til að lögfest verði það markmið laganna að styðja við starfsemi í skák hér á landi, styrkja efnilegt skákfolk sem stefnir að alþjóðlegum árangri, efla starfsemi á sviði afreksmála og árangur keppnisfólks sem hyggur á hámarksárangur á alþjóðavísu í skák. Jafnframt er lagt til að skilgreint verði í lögum að ríkið leggi til ákveðin framlög til skákmála sem renni annars vegar til afrekssjóðs í skák og hins vegar til skákhreyfingarinnar í gegn um æðsta aðila hennar, Skáksamband Íslands, meðal annars til fræðslu um skák.

Þá er í frumvarpinu fjallað ítarlega um afrekssjóð í skák. Lagt er til að ábyrgð á starfrækslu sjóðsins verði hjá mennta- og barnamálaráðherra. Yfir sjóðnum verði stjórn sem skipuð verði tveimur fulltrúum frá Skáksambandi Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar. Stjórnin sinni faglegum þáttum sem tengjast úthlutun úr sjóðnum, þar á meðal að móta stefnu sjóðsins og gera tillögu til ráðherra um úthlutun hverju sinni, ásamt því að fylgja eftir verkefnum skákfólks sem fær úthlutun úr sjóðnum. Styrkir verði almennt veittir einu sinni á ári til sex til tólf mánaða í senn til skilgreinda verkefna stórmeistara í skák og eftir atvikum efnilegs skákfólks sem stefnir að alþjóðlegum árangri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nánari útfærsla styrkveitinga úr afrekssjóði í skák verði útfærð í reglugerð. Með því verður unnt að setja ítarlegri skilyrði fyrir úthlutun, t.d. um fjölda skákstiga.

Gert er ráð fyrir að tími verði gefinn til að undirbúa nýtt fyrirkomulag og að það taki gildi 1. febrúar 2025. Ekki er unnt að breyta núverandi fyrirkomulagi nema með því að rjúfa ráðningarsamband stórmeistara í skák og því lagt til að störf þeirra sem fengið hafa laun á grundvelli laga nr. 58/1990 verði lögð niður.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið samræmist stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Við framkvæmd þess þarf að gæta að reglum stjórnarskrárinnar og alþjóðlegra skuldbindinga Íslands, þar á meðal þegar kemur að jafnræðisreglum og banni við mismunun á grundvelli kyns, fötlunar og annarra mismununarástæðna.

5. Samráð.

Við undirbúning frumvarpsins var lögð áhersla á samráð við Skáksamband Íslands sem er landssamband íslenskra skákfélaga og æðsti aðili skákhreyfingarinnar á Íslandi. Skáksambandi Íslands var falið að gera tillögu til ráðherra um núgildandi fyrirkomulag um launasjóð stórmeistara og Skákskóla Íslands. Skáksamband Íslands stóð fyrir víðtæku samráði innan skákhreyfingarinnar og skiluðu tillögum að breytingum á grundvelli þeirrar vinnu. Frumvarpið byggir á þessum tillögum og er í öllum meginatriðum í samræmi við þær.

Áform um frumvarp til laga um skák voru kynnt almenningi í Samráðsgátt stjórnvalda þann 20. október 2023, sjá mál nr. S-200/2023, og bárust fimm umsagnir um áformin. Almennt voru umsagnir um áform um lagasetningu jákvæðar og umsagnaraðilar fögnuðu almennt breytingum á núgildandi fyrirkomulagi. Ýmsar gagnlegar ábendingar komu fram sem litið var til við vinnslu frumvarpsins.

Drög að frumvarpinu voru kynnt almenningi í Samráðsgátt stjórnvalda þann XXX

6. Mat á áhrifum.

Áhrif frumvarpsins ná til efnislegs skákfólks og afreksskákfólks. Samkvæmt upplýsingum frá Skáksambandi Íslands eru 3.315 einstaklingar skráðir í skákmannagrunn sambandsins og er skákfolk með kappskákstig alls 432. Konur eru þar í miklum minnihluta og eru um 10% af skráningum í skákmannagrunninn og rúmlega 5% þeirra sem hafa hlotið kappskákstig.

Með frumvarpinu er stefnt að því að einfalda umgjörð og stuðningskerfi vegna afreksskákfólks í skák. Í því felst sú breyting frá eldra fyrirkomulagi að stórmeistarar í skák verða ekki opinberir starfsmenn og nýtt fyrirkomulag um styrki til stórmeistara verður tekið upp. Stefnt er að því að breytingin verði til þess að skákfolk nái betri árangri í alþjóðlegum mótum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að rétt úr afrekssjóði eigi efnilegt skákfolk og afreksskákfolk og gilda um það sömu skilyrði fyrir karla og konur. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð enda verði sömu fjármunum varið til verkefnisins þótt þeim verði úthlutað eftir nýjum aðferðum.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gildissvið laganna skilgreint. Tekið er fram að löggin nái til stuðnings ríkisins við skák og skákhreyfinguna á Íslandi. Skáksamband Íslands er nú landsamband íslenskra skákfélaga og æðsti aðili skákhreyfingarinnar á Íslandi.

Um 2. gr.

Fjallað er um markmið frumvarpsins í 2. gr. Með frumvarpinu er stefnt að því að styðja við starfsemi í skák hér á landi. Þá er stefnt að því að efla afreksskákíðkun í landinu með því að veita bæði efnilegu skákfolki og afreksskákfolki styrki. Markmiðið er í samræmi við meginefni frumvarpsins sem fjallar um styrkjakerfi sem ætlað er að vera hvetjandi fyrir skákfolk til að ná árangri.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um framlög ríkisins til skákhreyfingarinnar. Stuðningur ríkisins við skák á sér áralanga sögu en með ákvæðinu er ætlunin að skilgreina framlögin betur. Annars vegar er lagt til að skilgreind verði framlög til skákfólks í gegn um afrekssjóð í skák, sem starfræktur er af ríkinu. Hins vegar verði fjallað um stuðning sem ráðstafað verði á grundvelli samnings eða samninga til skákhreyfingarinnar. Með því er átt við að ráðuneytið veiti fjármunum til Skáksambands Íslands, sem er æðsti aðili skákhreyfingarinnar á Íslandi, sem veiti þeim þann möguleika að styðja við starfsemi í skák hér á landi í samræmi við markmið frumvarpsins. Lagt er til að sérstaklega verði tilgreint í lögum að fjármagninu verði meðal annars varið til skákþjálfunar og fræðslu sem miðar að því að efla skákíðkun hér á landi en það er á meðal markmiða Skákskóla Íslands, sbr. lög nr. 76/1990, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli brott.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um starfrækslu og stjórn afrekssjóðs í skák sem er nýmæli í lögum. Lagt er til að mennta- og barnamálaráðherra beri ábyrgð á starfrækslu sjóðsins, sbr. 1. mgr., en að yfir honum sé stjórn, sbr. 2.-4. mgr.

Fjallað er um skipan stjórnar afrekssjóðs í skák í 2. mgr. 4. gr. Lagt er til að ráðherra skipi þrjá fulltrúa í stjórnina, tvo samkvæmt tilnefningu skákhreyfingarinnar og einn án tilnefningar. Þá er nánar fjallað um skipan varafulltrúa og formanns og varaformanns. Þar sem samfélag skákfólks er ekki mjög stórt er talin ástæða til kveða sérstaklega á um reglulega endurnýjun í stjórn afrekssjóðs í skák og því lagt til að ekki sé heimilt að skipa sama einstakling aðalfulltrúa í stjórn lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Um verkefni stjórnarinnar er fjallað í 3. mgr. 4. gr. Í a-lið er lagt til að stjórnin geri tillögu til ráðherra um stefnu og áherslur við úthlutun styrkja úr sjóðnum til þriggja ára í senn. Með þessu er leitast við að veita stjórninni ríkari hlut í stefnumótun í málaflokknum. Stefnumörkun til lengri tíma þykir mikilvæg til að stuðla að fyrirsjáanleika um úthlutanir úr sjóðnum. Í b-lið er fjallað um að stjórn geri tillögu til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum, eins og nánar er fjallað um í 5. gr. Í c-lið er fjallað um það verkefni stjórnar að fylgjast með því að skákfolk sem fær úthlutað úr sjóðnum fari eftir skilmálum úthlutunar. Í þessu felst m.a. að stjórninni ber að fylgjast með hvort skákfolk fari eftir gildandi reglum, en því hlutverki sinnir stjórnin m.a. með því að óska eftir skýrslum frá þeim sem þiggja styrki samkvæmt lögnum. Gert er ráð fyrir stjórnin geri ráðherra viðvart ef skákfolk, sem fær styrk úr sjóðnum, uppfylli ekki skilyrði styrkveitingarinnar og að ráðherra geti þá á grundvelli ábyrgðar sinnar á starfrækslu sjóðsins gripið til viðeigandi viðbragða eins og nánar er fjallað um í 4. mgr. 5. gr.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um styrkveitingar úr afrekssjóði í skák. Í 1. mgr. 5. gr. kemur fram að styrkjum sé veitt annars vegar til afreksskákfólks og hins vegar til efnilegs skákfólks sem stefna að alþjóðlegum árangri. Með afreksskákfolki er átt við þá sem hlotið hafa nafnbótina stórmeistari í skák, náð hafa alþjóðlegum meistaratitli, þeir sem lokið hafa áföngum í því að hljóta nafnbótina stórmeistari eða lokið hafa áföngum að alþjóðlegum meistaratitli.

Í 1. mgr. 5. mgr. er fjallað um að styrkir skuli veittir til skilgreindra verkefna og taka mið af væntum árangri umsækjanda það árið. Þá er gert ráð fyrir því að í reglugerð, sbr. 7. gr., verði sett ítarleg umgjörð um styrkveitingar og að stjórn afrekssjóðs í skák meti árangur viðkomandi umsækjanda og/eða væntingar til árangurs þeirra verkefna sem styrknum er ætlað að styðja við. Gert er ráð fyrir að styrkjum sé úthlutað einu sinni á ári og til sex til tólf mánaða í senn. Er við það miðað að styrkveitingin standi undir launum í þennan tíma en um annan kostnað, t.d. ferðakostnað, fari samkvæmt reglugerð um sjóðinn og mati hverju sinni. Í undantekningartilfellum er stjórn afrekssjóðs heimilt að veita styrki í styttri eða lengri tíma en þó aldrei lengur en tvö ár. Í 2. mgr. 5. mgr. er settur rammi um form og efni auglýsingar sem er upphaf mála sem lýkur með styrkveitingu. Í 3. mgr. 5. gr. kemur fram að stjórn afrekssjóðsins taki umsóknir til meðferðar og geri tillögu til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Rétt er að áréttta að hlutverk stjórnarinnar er að gera tillögu til ráðherra á grundvelli faglegs mat á umsóknum en ábyrgð á styrkveitingum úr sjóðnum liggur hjá ráðherra. Eftir atvikum getur t.d. komið til þess að ráðherra óski eftir frekari skýringum á tillögu stjórnarinnar. Eftir að tillaga stjórnar liggur fyrir tekur ráðherra ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum og tilkynnir hana umsækjendum. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að stjórn afrekssjóðsins geri samning eða samkomulag við þá sem hlutu styrki úr sjóðnum um styrkinn og skilmála hans. Meðal annars

er gert ráð fyrir að hægt sé að binda styrkveitingar skilyrðum sem takmarka möguleika styrkþega til að fá á sama tíma greiðslur frá öðrum aðilum.

Í 4. mgr. 5. gr. er kveðið á um skyldu þeirra sem hljóta styrk úr afrekssjóði í skák að gera stjórn sjóðsins grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari skilmálum úthlutunar. Með þessu er leitast við að tryggja eftirfylgni með því að styrkirnir nýtist til þeirra verkefna sem stefnt var að með úthlutun þeirra. Þá munu upplýsingar um framvindu verkefna nýtast stjórn sjóðsins við mat á síðari umsóknum viðkomandi aðila úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að kröfur sem gerðar eru til skákfólks til upplýsingagjafar gagnvart sjóðnum verði skilgreindar í úthlutunarskilmálum og geti tekið mið af ýmsum þáttum, t.d. umfangi verkefna.

Um 6. gr.

Í 6. gr. eru sérstök ákvæði um málsmeðferð. Talið er rétt að árétta að ákvarðanir ráðherra um styrkveitingar og eftir atvikum stöðvun greiðslna úr afrekssjóði í skák séu endanlegar á stjórnarsýslustigi. Þá er lögð til sérstök undantekningarregla um rétt til rökstuðnings ákvarðana um veitingu styrkja úr afrekssjóði í skák sem er efnislega sambærileg reglu sem gildir um styrki á sviði lista, menningar eða vísinda, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. er fjallað um gildistöku. Lagt er til að ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, taki gildi 1. febrúar 2025. Jafnframt er lagt til að ákvæði til bráðabirgða öðlist þegar gildi, svo unnt sé að hefja undirbúning nýs fyrirkomulags. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Í 2. mgr. kemur fram að við gildistöku laganna falla úr gildi lög um launasjóð stórmeistara í skák, nr. 58/1990, og lög um Skáksskóla Íslands, nr. 76/1990.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er fjallað um niðurlagningu starfa stórmeistara í skák á grundvelli laga nr. 58/1990. Gert er ráð fyrir að líklegt sé að sá hópur sem nú fær laun stórmeistara muni uppfylla skilyrði til að fá úthlutun úr afrekssjóði í skák. Til að tryggja meðalhóf er lagt til að þessi hópur njóti forgangs til styrkja úr sjóðnum í fyrstu úthlutun árið 2025 en að eftir þann tíma muni umsóknir þeirra vera metnar á sama grundvelli og umsóknir annarra úr sjóðnum.

Þá er í ákvæðinu fjallað um heimildir ráðherra til að hefja undirbúning nýs fyrirkomulags um úthlutun styrkja fyrir gildistöku ákvæða frumvarpsins.

Drög að REGLUGERÐ um afrekssjóð í skák.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um afrekssjóð í skák samkvæmt lögum um skák.

2. gr.

Yfirstjórn.

Ráðherra sem fer með yfirstjórn mála sem varða skák, ber ábyrgð á starfrækslu afrekssjóðs í skák og úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Stjórn afrekssjóðs í skák fer með umsýslu sjóðsins.

II. KAFLI

Stjórn.

2. gr.

Stjórn.

Ráðherra skipar þrjá fulltrúa í stjórn afrekssjóðs í skák til þriggja ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningum Skáksambands Íslands og einn án tilnefningar. Varafulltrúar skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalfulltrúa en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ekki er heimilt að skipa sama einstakling aðalfulltrúa í stjórn lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Við skipan í stjórn afrekssjóðs í skák skal gætt að jöfnu hlutfalli kynja eins og nánar er kveðið á um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

3. gr.

Hlutverk stjórnar.

Stjórn afrekssjóðs í skák gerir tillögu til ráðherra um stefnu og áherslur við úthlutun styrkja úr sjóðnum til þriggja ára í senn, gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingar úr sjóðnum, sbr. 5. gr. Þegar stjórn afrekssjóðs í skák tekur þátt í undirbúningi stjórnsýslumála skal hún gæta að málsmeðferðarreglna stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Kostnaður við mat á umsóknum og við störf stjórnar skal greiddur af fjárframlögum sjóðsins.

4. gr.

Stefna og áherslur við úthlutun styrkja.

Ráðherra skal setja stefnu og áherslur við úthlutun styrkja úr afrekssjóði í skák til þriggja ára í senn að fenginni tillögu stjórnar sjóðsins.

Í stefnu og áherslum er meðal annars heimilt að fjalla um:

- Hlutfall styrkja sem veittir verða annars vegar til afreksskákfólks og hins vegar til efnilegs skákfólks.
- Viðmiðunarfjárhæðir.
- Skákmót sem litið er til við mat á umsóknum.
- Þátttöku í kostnaði við ferðalög.

III. KAFLI Málsmeðferð styrkja.

5. gr.

Auglýsing.

Ráðherra auglýsir ár hvert eftir umsóknum um styrki úr afrekssjóði í skák.

Auglýsing er undirbúin af stjórn afrekssjóðs í skák. Hún skal vera í samræmi við stefnu og áherslur við úthlutun styrkja úr sjóðnum og skal þar greina frá skilyrðum úthlutunar ásamt viðmiðunarfjárhæðum. Í auglýsingu skulu m.a. koma fram greinargóðar upplýsingar um tilgang og hlutverk sjóðsins, helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, form umsókna og umsóknarfrestur.

Birta skal auglýsingu með þeim hætti að líklegt sé að þeir sem uppfylla skilyrði til styrkveitinga úr sjóðnum verði hennar varir. Stjórn sjóðsins leggur til birtingarhátt við ráðherra.

Auglýst skal eftir umsóknum eigi síðar en 1. október ár hvert fyrir næsta ár á eftir og skal umsóknarfrestur að jafnaði vera eigi skemmri en sex vikur.

6. gr.

Umsóknir.

Umsóknum um styrk úr afrekssjóði í skák skal skilað á því formi sem ráðherra ákveður.

Í umsókn skal með hnitmiðuðum hætti gera grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hyggst vinna. Þar skulu jafnframt koma fram aðrar upplýsingar sem óskað er eftir hverju sinni.

Í umsókn skulu eftirfarandi atriði koma fram:

1. Almennar upplýsingar um umsækjanda.
2. Tímabil sem sótt er um ásamt tíma- og kostnaðaráætlun.
3. Skákmót sem umsækjandi stefnir að þátttöku í.
4. Nánari lýsing á markmiðum umsækjanda og hvernig umbeðin styrkur nýtist til að ná markmiðunum.
5. Lýsing á aðstæðum umsækjanda.

7. gr.

Mat á umsóknum.

Eftir að umsóknarfrestur rennur út skal stjórn afrekssjóðs í skák taka umsóknir til meðferðar og gera rökstudda tillögu til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Við mat á umsóknum skal líta til ákvæða reglugerðar þessarar, stefnu og áherslna til þriggja ára við úthlutun styrkja úr sjóðnum, skilyrða sem sett voru í auglýsingu um styrkina og eftir atvikum annarra málefnalega sjónarmiða.

Eftir að tillaga afrekssjóðsins liggur fyrir er ráðherra heimilt að óska eftir því við stjórn sjóðsins að taka umsóknirnar aftur til meðferðar, þ.m.t. veita frekari rökstuðning fyrir mati stjórnar á umsóknunum.

8. gr.

Tilkynning um afgreiðslu umsókna og samningsgerð við styrkþega.

Ráðuneytið tilkynnir umsækjendum og stjórn afrekssjóðsins um afgreiðslu umsókna.

Í kjölfarið gerir stjórn afrekssjóðs samning um verkefni sem hlotið hafa styrk við styrkþega. Í samningi skal gera grein fyrir kröfum sem gerðar eru til styrkþega á því tímabili

sem hann hlýtur styrk. Meðal annars er heimilt að gera þær kröfur til umskæjenda að þeir njóti ekki annarra launa á því tímabili sem styrkurinn nær til.

Ákvarðanir um úthlutanir eru endanlegar á stjórnsýslustigi og sæta ekki kæru. Réttur til rökstuðnings samkvæmt stjórnsýslulögum gildir ekki um ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum. Miðað skal við að úthlutun styrkja sé tilkynnt fyrir 1. febrúar ár hvert.

IV. KAFLI

Mat á umsóknum.

8. gr.

Skilyrði úthlutunar.

Skilyrði þess að fá úthlutun úr afrekssjóði í skák eru eftirfarandi:

1. Styrkþegi skal vera á aldrinum 18 til 70 ára. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita styrki til umsækjanda sem er yngri en 18 ára.
2. Styrkþegi skal keppa í skák fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum vettvangi sé hann valinn til þess af Skáksambandi Íslands.

Ef styrkþegi hefur ekki nýtt fyrri styrk úr afrekssjóðnum í þeim tilgangi sem ætlað var skal honum að jafnaði ekki veittur styrkur úr sjóðnum.

9. gr.

Mat á umsóknum afreksskákmanna.

Með afreksskákfólki er átt við þá sem hlotið hafa nafnbótina stórmeistari í skák, náð hafa alþjóðlegum meistaratitli, þeir sem lokið hafa áföngum í því að hljóta nafnbótina stórmeistari eða lokið hafa áföngum að alþjóðlegum meistaratitli.

Við mat á umsóknum afreksskákfólks um styrki úr afrekssjóði í skák skal litið til eftirfarandi þátta:

1. Skákstiga og stöðu umsækjanda á heimslista.
2. Mikilvægi og styrkleiki móta sem umsækandi stefnir að.
3. Virkni umsækjanda síðastliðna tólf mánuði. Þó er heimilt að líta til annarra tímabila vegna sérstakra ástæðna, til að mynda fæðingarorlofs eða veikinda.
4. Önnur störf umsækjanda.

Að öðru leyti skal fara eftir áherslum og stefnum sjóðsins, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

10. gr.

Mat á umsóknum efnilegs skákfólks.

Með efnilegu skákfólki er átt við þá sem stefna að áföngum að alþjóðlegum meistaratitlum og eru líklegir til að ná slíkum árangri.

Við mat á umsóknum efnilegs skákfólks um styrki úr afrekssjóði í skák skal litið til eftirfarandi þátta:

1. Aldurs.
2. Skákstiga.
3. Virkni umsækjanda síðastliðna tólf mánuði. Þó er heimilt að líta til annarra tímabila vegna sérstakra ástæðna, til að mynda fæðingarorlofs eða veikinda.

V. KAFLI

Eftirfylgni.

11. gr.

Skýrslur styrkþega.

Styrkþegar skulu gera skýrslu um ráðstöfun styrks úr afrekssjóði í skák. Skýrslan skal send stjórn sjóðsins ásamt fyrirleggjandi gögnum sem staðfesta ráðstöfun styrks.

Ráðherra og stjórn afrekssjóðsins er ávallt heimilt að óska eftir skýringum frá styrkþegum varðandi ráðstöfun styrks.

Ef styrkur hefur ekki verið nýttur í þeim tilgangi sem ætlað var, eða fyrir séð er að styrkur verði ekki nýttur í þeim tilgangi getur ráðherra, að fenginni afstöðu sjóðsstjórnar, krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði

12. gr.

Skýrslur stjórnar.

Stjórn afrekssjóðs í skák skal eigi sjaldnar en annað hvort ár gefa út skýrslur um starfsemi sína.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga um skák, nr. XXX og öðlast gildi 1. febrúar 2025.